

Brim Fréttatilkynning

Reykjavík, 18. nóvember 2021

Brim undir 12%

Brim hf. hefur selt 5,84% aflahlutdeild í loðnu og 0,2% aflahlutdeild í ufsa. Söluverð er 3,4 milljarðar króna.

Ástæða sölu aflahlutdeildar er að Brim fór yfir hámarksaflaverðmæti af reiknuðum heildarþorskígildstonnum við úthlutun á loðnu 15. október 2021. Hámark hlutdeildar hvers félags er 12% samkvæmt fiskveiðilögum og með sölu aflaheimilda í dag fer hlutdeild Brims niður fyrir hámarkið.

Samhliða sölu aflahlutdeildar var gerður samningur þar sem Brim hefur kauprétt á 5,84% aflahlutdeild í loðnu verði breyting á þorskígildsstuðlum.

Kaupandi aflahlutdeildar er Útgerðafélag Reykjavíkur. Guðmundur Kristjánsson forstjóri Brims er eigandi Útgerðafélag Reykjavíkur.

Á meðfylgjandi mynd sést hvaða áhrif úthlutunin á aflaheimildum í loðnu í október hafði á heildarþorskígildistonn greinarinnar í heild. Hluttur loðnu er nú 37,4% efir að hafa verið 0% í þrjú undanfarin veiðiár.

Hlutfall loðnu í heildar þorskígildum frá 2015



24

Brim hf.

Brim er öflugtsjávarútvegsfyrirtæki sem starfar í sátt við samfélagið og umhverfið. Við stuðlum að verðmætasköpun með vöruþróun, tæknilausnum og öflugu starfsfólki. Við tryggjum með ábyrgum veiðum og vinnslu, þar sem áhersla er á sjálfbærni og nýsköpun, að sjávarútvegur verði áfram burðarstólpi í íslensku samfélagi. Við leitum allra leiða til að lágmarka áhrif starfseminnar á umhverfið hvort sem er á sjó eða í landi.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Kristjánsson, forstjóri 843 4210.